



Fundargerð

9. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2016-2018, haldinn í D-fundarsal ÍSÍ mánudaginn 26. september 2016.

Mætt: Freyr Ólafsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Fríða Rún Þórðardóttir, Gunnar Svavarsson, Lóa Björk Hallsdóttir, Eiríkur Mörk, Björg Ágústsdóttir og Jóney Gylfadóttir.

Formaður setti fund 17:20 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð 8. fundar, samþykkt rafrænt milli funda, staðfest.

2. Tilnefning til EAA verðlauna

Samþykkt tillaga starfsnefndar að tilnefna eftirfarandi aðila:

Federation Officer: Friðrik Þór Óskarsson

Event organizer: Margrét Héðinsdóttir

Technical Official: Sigurður Haraldsson

3. Uppskeruhátíð FRÍ

Markmið uppskeruhátíðar FRÍ að koma saman og fagna góðu sumri í frjálsum íþróttum. Verkefnastjóra falið að sjá um boðun. Hvatningarverðlaun FRÍ afhent, óskað eftir tilnefningum frá aðildarfélögum.

4. Opnir stjórnarfundir

Verðum með opna stjórnarfundum með stjórnnum aðildarfélaga eins og áður hefur verið samþykkt.

Fundaröðin stendur yfir í tvær til þrjár vikur. Verkefnastjóri setur upp fundaáætlun.

5. Landsliðsverkefni 2017

Setja þarf upp yfirlit yfir mót á næsta ári, gera áætlun um fjölda keppenda, þjálfara og liðsstjóra eins og undanfarin ár. Áframhaldandi umræður varðandi þennan lið fara fram á næsta stjórnarfundum.

6. Norrænt samstarf

Verkefnastjóri sagði frá því helsta sem rætt var á framkvæmdastjórnarfundum í Kaupmannahöfn.

7. Önnur mál

Skrifstofunefndin gerði grein fyrir störfum sínum. Gjaldkeri fór yfir fjármálin, stefnir að því að birta milliuppgjör á næsta fundum. Afstemmingar við aðildarfélögin standa yfir.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19:20.

Ritun fundargerðar: Jóney Gylfadóttir

